

**Sp.**

**79. Tillaga til þingsályktunar**

[77. mál]

um framhaldsframkvæmdir við flugvöll í Siglufirði.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að flugmálastjórnin láti ljúka hið fyrsta gerð flugvallar í Siglufirði.

**Greinargerð.**

Fyrir rúmum áratug hófst gerð flugvallar í Siglufirði. Framkvæmdir miðuðust fyrst í stað við lítinn flugvöll, er aðeins væri nothæfur fyrir sjúkraflugvélar, en gerð slíkra valla hófst þá víða um landið.

Bæjarstjórn Siglufjarðar vann að því á þessum árum, að athugun færi fram á gerð stærri flugvallar austan fjarðarins, og á Alþingi var samþykkt 5. apríl 1960 svo hljóðandi þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á, með hvaða hætti flugsamgöngur verða helzt tryggðar við Siglufjörð. Skal athugun þessari vera lokið, áður en reglulegt Alþingi 1960 kemur saman.“

Niðurstaða rannsóknar þeirra sérfræðinga, er um mál þetta fjölluðu, leiddi í ljós, að unnt væri að byggja á þessu svæði flugvöll að stærð ca. 1300 m á lengd og 50 m á breidd (ca. 6500 m<sup>2</sup>).

Á árinu 1962 hófst vinna við framkvæmd þessa flugvallar. Unnið var fyrir ca. 250 000.00 kr. Áætlað var að vinna að þessu mannvirki í áföngum, en stefnt var að því, að flugvöllurinn yrði eigi minni en að framan greinir, svo að stærri flugvélar gætu athafnað sig þar.

Þegar þetta er ritað, eru liðin rúm 8 ár, frá því að skipulagðar framkvæmdir hófust við þessa flugvallargerð, en þrátt fyrir það er lengd vallarins í dag aðeins helmingur af því, sem fyrirhugað var, og er því aðeins nothæfur fyrir litlar flugvélar.

Á sama tíma og þessi mikli dráttur hefur orðið á framkvæmdum á Siglufjarðarflugvelli hafa flugvellir á öðrum stöðum verið stækkaðir og lagfærðir og nýbyggingar reistar og þær lagfærðar, sem fyrir voru. — Um þetta er gott eitt að segja. En þá er ekki óeðlilegt, að þess sé óskað af framkvæmdavaldinu í landinu, að það hlutist til um, að gerð flugvallar, sem hefur verið í smíðum tæpan áratug, verði nú lokið sem fyrst, til aukins öryggis og þæginda fyrir þá, er hans eiga að njóta.